


KNARRARBERGSVEGUR

Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur

Kynning framkvæmda

Sóley Jónasdóttir

Magnús Björnsson



Áætlanir og hönnunarkaup Akureyri

Apríl 2008

1 YFIRLIT

Vegagerðin er með skýrslu þessari að kynna fyrirhugaða vegaf framkvæmd á Knarrarbergsgvegi, vegnúmer 8490, í Eyjafjarðarsveit í Eyjafjarðarsýslu. Núverandi vegur er mjór malarvegur, sem stendur til að styrkja, breikka og leggja á bundið slitlag. Markmiðið með lagfæringu vegarins er að auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur á svæðinu.

Vegarkafllinn sem á að endurbyggja er um 0,8 km langur og liggur um lönd Eyrarlands, Brúarlands og Leifsstaða í austanverðum Eyjafirði. Þá eru fjölmörg íbúðar- og frístundahús á svæðinu. Áætlað er að framkvæmdir hefjist vorið 2008 og þeim ljúki að fullu fyrir 1. ágúst 2008.

Framkvæmdin telst ekki matskyld samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Vegagerðin telur að framkvæmdin hafi fremur lítil umhverfisáhrif nema hvað varðar bætt umferðaröryggi vegfarenda.

2 NÚVERANDI VEGUR

Knarrarbergsgvegur er 1,8 km langur og nær frá Veigastaðavegi að Eyjafjarðarbraut eystri. Vegurinn er í dag frekar mjór malarvegur og er nokkur rykmengun í nágrenni hans þar sem eru hvoru tveggja íbúðarhús og frístundahús. Vegarkafllinn sem nú stendur til að endurbyggja, á um 840 m kafla, er tengivegur í vegflokki C2. Í dag uppfyllir vegurinn ekki þær kröfur sem gerðar eru til vega í þessum vegflokki hvað varðar breidd, yfirborð og styrkleika. Vegsvæði hans er 30 m breitt og nær 15 m frá miðlínu núverandi vegar.

Engar brýr eru á kaflanum en nokkur ræsi. Vegtengingar eru út frá núverandi vegi að bæjum á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Þá eru víða tengingar inn á tún og vegslóða.

Umferð um Knarrarbergsgveg hefur aukist mjög á undanförunum árum. Meðalumferð á veginum árið 2006 var samkvæmt tölum Vegagerðarinnar áætluð 29 bílar/dag. Framreiknuð umferð árið 2026, 20 árum seinna er 40 bílar/dag. Líklegt er að umferð sé mun meiri en þessar tölur sýna þar sem byggð hefur aukist á svæðinu undanfarin ár. Umferð þungra bifreiða um veginn hefur ekki verið metin.

3 ENDURBYGGÐUR VEGUR

Endurbyggður vegur er 0,84 km langur og liggur frá stöð 260, skammt sunnan vegamóta við Veigastaðaveg, að stöð 1100 við vegamót Knarrarbergsgvegur og Leifsstaðavegar. Veglínan er allsstaðar innan vegsvæðis núverandi vegar.

Vegurinn verður af vegtegund C2 sem er 6,5 m breiður vegur. Hönnunarharði verður 50-60 km/klst. Halli vegfláa verður að jafnaði 1:3 en brattari þar sem gert er ráð fyrir vegriðum.

Hæðarlega vegtenginga að íbúðarhúsum og sumarhúsabyggðum verður aðlöguð hæðarlegu nýs vegar. Ræsi verða staðsett þar sem búast má við rennandi vatni, bæði þar sem er sírennsli og þar sem myndast geta vatnsfarvegir í leysingum að vori og þegar úrkoma er mikil. Núverandi ræsi verða lengd og einu ræsi verður skipt út og nýtt sett í staðinn. Ekki er gert ráð fyrir reiðvegi meðfram veginum.

Áætluð efnispörf í verkið er um 6.500 m³. Efni í efra burðarlag og steinefni í klæðingu, samtals um 1.500 m³ verður tekið úr efnishaugum á námusvæði í landi Þverár í Eyjafjarðarsveit, um 4,8 km frá suðurenda útboðskafla. Annað efni mun verktaki sjá um að útvega.

Búast má við að umferð um svæðið tefjist eitthvað á meðan framkvæmdum stendur vegna efnaf lutninga eftir núverandi vegi.

4 HUGSANLEG UMHVERFISÁHRIF

Vegagerðin reyndi að meta hvort líklegt væri að endurbygging Knarrarbergsvegar myndi hafa veruleg áhrif á umhverfið. Þar sem um er að ræða umfangslitla framkvæmd og efnistaka er ekki mikil telur Vegagerðin að áhrif framkvæmdarinnar á umhverfið verði óveruleg. Hér á eftir eru taldir upp helstu umhverfisþættir sem framkvæmdaraðili telur líklegast að orðið geti fyrir áhrifum af framkvæmd og starfsemi.

Áhrif á mannlíf

Vegfarendur um Knarrarbergsvog og Leifsstaðaveg munu verða varir við framkvæmdina vegna hávaða, ryks og truflunar á umferð. Að loknum framkvæmdum munu koma fram jákvæð áhrif á mannlíf vegna öruggari og betri samgangna.

Áhrif á samgöngur, umferðaröryggi og mengun

Á framkvæmdartíma mun umferð um svæðið raskast vegna umferðar þungra vinnuvéla. Á núverandi vegarkafli eru engar brýr en nokkur íbúðarhús eru það nálægt veginum að mögulegt er að truflun sé af hljóð- og loftmengun. Þegar framkvæmdum á kaflanum lýkur verða samgöngur öruggari en nú og ryk- og loftmengun minni.

Áhrif á landslag

Íbúðabyggð hefur verið að þróast á svæðinu í nágrenni við veginn. Veglína breytist ekki en vegur breikkar og hækkar lítillega. Svæðið meðfram veginum er þegar raskað og helst framkvæmdin að mestu leyti innan raskaða svæðisins. Gengið verður þannig frá vegsvæði að vegur falli vel að landi. M.a. verður sáð í vegkanta þeim tegundum sem henta fyrir svæðið. Reiknað er með að vegkantar verði fljótir að gróa upp og því muni sýnanleiki framkvæmdarinnar í landslaginu hverfa með tímanum/fljótt.

Áhrif á landnotkun

Háspennustrengur þverar framkvæmdasvæði á tveimur stöðum og liggur meðfram veginum á köflum. Nýr vegur kemur ekki til með að raska landi. Að framkvæmdum loknum verður aðgengi að svæðinu þægilegra og öruggara.

Áhrif á gróðurfar og fugla

Ekki hefur verið kannað hvort sérstæðan gróður eða fugla er að finna í nágrenni framkvæmdasvæðisins. Landinu sem raskað verður við framkvæmdina hefur áður verið raskað vegna vega- og mannvirkjagerðar.

Framkvæmdin getur haft tímabundin áhrif á fugla meðan á framkvæmdum stendur. Reiknað er með að áhrifin verði óveruleg.

Áhrif á menningarminjar

Ný veglína er alls staðar byggð á núverandi vegi og því hefur ekki verið gerð úttekt á minjum við vegsvæðið. Vaðlaþing er í nágrenni við veginn á milli stöðva 500 og 600. Fylling breikkar á þessum stað en fer ekki út fyrir það svæði sem þegar er raskað vegna vegagerðar.

Reiknað er með að framkvæmdin muni ekki hafa áhrif á fornleifar. Ef í ljós koma áður óþekktar fornleifar í vegstæðinu á framkvæmdatíma sbr. 13. gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2000, mun Vegagerðin hafa samráð við Minjavörð Norðurlands eystri um aðgerðir.

5 LEYFISVEITENDUR OG SAMRÁÐSAÐILAR

Framkvæmdin er ekki framkvæmdaleyfisskyld samkvæmt 27. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Væntanlegur verktaki þarf að sækja um leyfi Heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra (skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun).

6 FRÁGANGUR

Vegagerðin mun stuðla að því að röskun á landi verði haldið í lágmarki og að hún takmarkist fyrst og fremst við vegarstæðið sjálft. Reynt verður að skerða gróðurlendi sem minnst.

Lögð verður áhersla á að verktaki gæti þess vel að raska hvergi landi utan við vegsvæðið og verður m.a. allur akstur tækja bannaður utan vegsvæðis á verktíma nema að námum.

Vegagerðin mun jafna og græða upp fyllingar og vegskeringar í veglínunni. Við uppgræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli.

Vegtengingar verða lagaðar að nýrri hæðarlegu vegarins.